

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 11462/2022

Reykjavík, 21. janúar 2022

Borgarbyggð  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnesi

Til umboðsmanns hefur leitað Þorsteinn Máni Árnason, Egilsgötu 4 í Borgarnesi, fyrir hönd Ikans ehf. og kvartað yfir því að Borgarbyggð hafi ekki brugðist við erindi hans 21. febrúar sl. um þá ákvörðun byggingarstjóra að loka húsnæðinu að Brákarbraut nr. 25-27. Samkvæmt kvörtuninni verður ekki annað ráðið en að hann hafi ítrekað erindið 9. maí, 8. júlí, 2. ágúst og 21. nóvember sl.

Áður en umboðsmaður ákveður framhald málsins er þess óskað, með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Borgarbyggð upplýsi í hvaða farveg erindi Þorsteins Mána var lagt og hvað líði meðferð og afgreiðslu þess. Einnig er óskað eftir upplýsingum sem varpa ljósi á hvort og þá hvenær sé fyrirhugað að unnt verði að opna fyrrgreint húsnæði.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar berist umboðsmanni eigi síðar en 4. febrúar nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis,



Þorvaldur Hauksson

